# Íslensk sumarnótt

Margrét Ólafsdóttir




Nú er lokið öllum erli,
enginn maður hér á ferli.
Víst þó mundi hræra hjarta
himnesk sumarnóttin bjarta.
Morgunsólin glóey gyllir,
gróðurangan loftið fyllir.
Munablómin morgun lofa,
en mennirnir sofa.